

Má ég vera héma?

Reynsla unglunga og ungra fullorðinna af því að leita á bráðamóttöku vegna sjálfskaða

Kerfisbundin fræðileg samantekt

Þórdís Gerður Jónsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir

Hjúkrunarfræði- og ljósmóðurdeild Háskóla Íslands



Bakgrunnur

Talið er að geðheilsa barna og unglunga hafi farið versnandi síðustu tvo áratugi og er aukning á sjálfskaða barna og unglunga ein birtingarmynd þess.

Sjálfskaði: skaði sem einstaklingur beitir sjálfan sig til þess að ráða við eða tjá andlega vanlíðan eða tilfinningalegan óróleika, byrjar oft á unglingsárum eða nær hámarki á því æviskeiði.

Bráðamóttökukomum vegna andlegra eða geðrænna veikinda barna og unglunga, s.s. sjálfskaða, hefur fjölgað á síðustu árum og er þessi fjölgun hlutfallslega meiri en fjölgun vegna annarra komuástæðna. Bráðamóttökur eru gjarnan fyrsti viðkomustaður innan heilbrigðiskerfisins fyrir fólk sem beitir sjálft sig skaða og má því færa rök fyrir því að geðheilbrigðisþjónusta hafi í auknum mæli færst inn á starfsvið bráðamóttaka.

Tilgangur: að kanna reynslu unglunga og ungra fullorðinna (25 ára og yngri) af því að leita sér heilbrigðisþjónustu á bráðamóttöku í kjölfar sjálfskaða.

Byggt var á rannsóknum sem birtar höfðu verið á árunum 2020 til 2024. Alls stóðust sex rannsóknir leitarskilyrði og gæðamat; þ.a. fjórar eigindlegar viðtalsrannsóknir, ein lýsandi þversniðsrannsókn og ein tilfella- og viðmiðunarrannsókn.

Niðurstöður gáfu til kynna að **upplifun** unglunga og ungra fullorðinna af bráðþjónustu í kjölfar sjálfskaða var **yfirgnæfandi neikvæð**.

- Skortur á einstaklingsmiðaðri þjónustu og einlægri umhyggju fagfólks stuðlaði að versnun á þegar slæmri líðan skjólstæðinga.
- Fram komu **efasemdir** skjólstæðinga um að þeir **ættu skilið að njóta þjónustu bráðamóttökunnar** í ljósi þess að þeir höfðu sjálfir veitt sér skaða og að þeir báru sig gjarnan saman við aðra sem biðu eftir þjónustu.
- Neikvæð upplifun af bráðþjónustu, s.s. að finnast öllum líkamlegum veikindum forgangsraðað á undan andlegum veikindum og óháð alvarleika, gat gert það verkum að skjólstæðingar **forðuðust að leita bráðþjónustu aftur eftir endurtekinn sjálfskaða** eða **ytti undir hugsanir um að þurfa að veita sér alvarlegri skaða svo mark væri tekið á vanlíðan þeirra**.

Neikvæð upplifun af þjónustu á bráðamóttöku vegna sjálfskaða og af viðmóti fagfólks gæti verið sjálfstæður áhættuþáttur fyrir auknum skaða og fælt skjólstæðinga frá því að leita sér aðstoðar.

